

L Ö G

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 14. gr. orðist þannig:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.

2. gr.

73. gr. orðist svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Á sama hátt getur móðir fengið meðlag greitt með barni eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, mánaðarlega eftir því sem meðlögin innheimtast. Skiladagar vegna óinnheimtra meðlaga skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 2. mgr., þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær mæður, sem þegar hafa höfðað mál fyrir gildistöku laga þessara, skulu njóta réttinda samkv. lögum þessum.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.